

1996 nr. 155 27. desember**Lög um Löggildingarstofu**

■ **1. gr.** Löggildingarstofa er ríkisstofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir hún undir viðskiptaráðherra.

■ **2. gr.** Löggildingarstofa hefur með höndum faggildingu, löggildingu og eftirlit því tengt eftir því sem nánar er ákvæðið í lögum.

□ Löggildingarstofa annast eftirfarandi málaflokka:

1. rafmagnsöryggismál, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga;

2. lögmælifræði, hagnýta mælifræði og faggildingu, eins og kveðið er á um í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992;

3. öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995;

4. önnur verkefni sem stofnuninni eru falin.

■ **3. gr.** Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn Löggildingarstofu til þriggja ára í senn, þar af einn formann. Stjórnin hefur umsjón með rekstri stofnunarinnar og samþykkir starfsáætlanir hennar, fjárhagsáætlanir og fjárhagsuppgjör, gerir tillögu til ráðherra um gjaldskrá og sér til þess að starfshættir séu á hverjum tíma gagnsæir. Ráðherra staðfestir skipulag stofnunarinnar og skiptingu hennar í deildir.

■ **4. gr.** Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi á sviði er tengist starfsemi stofnunarinnar. Forstjóri stýrir faglegu starfi stofnunarinnar, hefur umsjón með rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn.

■ **5. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Hin nýja stofnun skal taka til starfa 1. janúar 1997.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** ...